

Til bæjarráðs Garðabæjar

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ óskar eftir að bæjarráð veiti framkvæmdarleyfi samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir hjóla og göngustíg yfir Arnarneshæð milli Hafnarfjarðarvegur og lóða við Hegranes og Súlunes.

Stígurinn er í samræmi við gildandi deiliskipulag Arnarness sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. apríl 2014 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 8. maí 2014.

Við vinnslu deiliskipulagsins var hjóla- og göngustígur um Hegranes og Súlunes færður í nýja legu, meðfram Hafnarfjarðarvegi, innan við hljóðvarnir. Með nýrri legu á stígnum er leitast við að létta á umferð um húsagötur og auka öryggi íbúa og annarra vegfarenda.

Með bréfi til íbúa, dags. 5. júní sl. var fyrirhuguð framkvæmd kynnt íbúum við Súlunes og Hegranes og þeim boðið að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við umhverfisstjóra.

Þrjár athugasemdir bárust frá íbúum við Súlunes 2 og Hegranes 31 og 35. Í athugasemdunum er vakin athygli á að stígurinn muni leiða til ónæðis vegna aukinnar umferðar og draga úr friðsæld íbúanna.

Öllum athugasemdum hefur verið svarað og kynnt það sjónarmið bæjarins að með tilliti til mótvægisáðgerða verði ekki talið að stígurinn valdi nema óverulegri röskun á friðsæld og ekki umfram það sem búast má við miðað við staðsetningu viðkomandi eigna.

Jafnframt kom að Garðabær mun tryggja að við framkvæmd við lagningu stígsins verði haft náið samráð við lóðarhafa þar sem stígurinn liggur til að gæta þess að mótvægisáðgerðir með hækkun lóðargirðingu o.fl. komi að sem mestu gagni.

Umsóknin send til afgreiðslu bæjarráðs.

Bæjarverkfræðingur